

Fundur 19.5.2025 Bergljót Sigmundsdóttir frá sextánda öld.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Er langt síðan ég var uppi á hinu kalda og blauta Íslandi, og oft sagði ég það við sjálfa mig að ekki saknaði ég þess, en vaknar ætíð forvitnin að kynnast aftur og tengjast fólkinu sem þar býr enn þá, og þar eru afkomendur mínir sumir enn þá.

Og eftir því sem á ævina líður og hún verður lengri, vex þörfin að vökva ræturnar og rifja upp löngu liðna tíð og halda minningunum við og gleyma ekki því liðna.

Hef ég reglulega mætt í þennan stóra sal stjörnusambandsstöðvarinnar og hlýtt á erindin og skynja ég til ykkar sumra og hef viljað hjálpað af veikum mætti, en fámennir eru þeir hópar og ekki samstilltir að fullu innbyrðis, sem vináttusambönd okkar jarðar bjóða upp á.

Þótt ég hafi verið á mörgum framlífs jörðum, þá hef ég ekki verið á framlífsstefnubraut nema nokkrar jarðir, því ég var á helstefnubraut á nokkrum jörðum, og á þeim hnöttum þar sem samstillingin er meiri, er árangurinn meiri af kærleiks samböndum af því tagi.

Var ég uppi á þeim tíma, þegar erfitt var að lifa á Íslandi og naut ég þess að plága mikil hafði fellt marga samborgara mína, og náði kirkjan undir sig miklum jörðum, og var ég hluti af því fólki sem naut góðs af því, og hélt ég þannig áfram á fyrstu framlífs jörð minni, og giftist inn í enn ríkari ætt, og fór ég ekki að iðrast fyrr en seint á þeirri ævi, en féll svo aftur í þá sömu freistni í næsta framlífi, og var því lengi að átta mig.

En þó kom svo að lokum að þar sem salirnir urðu ógnvænlegir og kvalir fjöldans því uggvænlegri, fór um mig að hríslast hrollur óttans, við að slíkt gæti gerst fyrir mig, og fór ég því að laumast til að leita kunningsskapar hjá þeim sem í mótstöðu voru við ríkið og fræðast af þeim um lífið og tilveruna og gera góðverk í laumi.

Og varð ég að gjalda þess, en varð það mér til láns í næsta framlífi, þegar ég lenti í oddastöðu að hjálpa fólki, og naut ég góðs af því, þar sem bjartara varð um að litast og náttúran fegurri og betri og fólkið betra sömuleiðis á þeirri framlífsbraut.

Hef ég orðið fyrir nokkrum skakkaföllum á betrunarbraut minni, en síðustu tveimur framlífs hnöttum hef ég hjálpað fólki svo til eingöngu, og er hér á góðum stað og mikilli framlífsbraut.

Hef ég enn þá tengslin við suma af þeim sem auðguðust vel, en hef ég lært að nota þau auðævi vel, og erum við hætt að hjálpa fólki öðru vísi en að stuðla að því að það sjálft finni hvað er því fyrir bestu og blómstri á eigin verðleikum og fái fjárhagslegan og andlegan stuðnig til að berjast fyrir lífi sínu og leita réttlætis síns, og höfum þar með komist í hóp lífstefnu mannkynja.

Er það mér enn þá ofviða að hjálpa þeim sem ég þekki úr fyrri framlífs vistum mínum, sem verst eru stödd, en vonast ég til þess að ná til þeirra með tímanum og finna leiðir til að hjálpa þeim.

Er ég hér í góðu sambandi við fjölskyldu mína frá síðasta framlífs hnetti og þessa nýju fjölskyldu, en erfiðara getur að umgangast alla þá sem voru á helstefnu hnöttunum.

Íslendingur Bergljót Sigmundsdóttir frá sextánda öld.

*Þakka þér fyrir.*

Þakka ég fyrir mig og veit ég að mörgum er það gott að magnast af okkur og heyra slíkar sögur, vona ég að ég komist síðar að, verið þið blessuð og sæl.

*Vertu sæl.*